

Fundur í stjórn foreldrafélags grunnskóla Seltjarnarness

Fundur haldinn þann 18. október 2016 kl. 17:30 í Mýrarhúsaskóla.

Mættir f.h. stjórnar foreldrafélagsins: Svana M. Davíðsdóttir, Sonja Bergmann, Davíð Sch., Ólafía Harðardóttir, Haukur Hauksson, Guðrún Björg Karlsdóttir og Rakel Viðarsdóttir.

Fundarstjóri: Svana. M. Davíðsdóttir.

Fundarritari: Guðrún Björg Karlsdóttir.

1. Fundargerð síðasta fundar lögð fram til samþykktar. Samþykkt samhljóða.
2. Foreldrarölt. Lítill áhuga meðal foreldra á röltinu. Ákveðið að foreldrafélagið geri könnun á áhuga og aðkomu foreldra og skrifi pistil um mikilvægi þess í forvarnarskyni. Guðrún og Brynhildur sjá um málið.
3. Skólaráðsfundur. Á fundinum var m.a rætt um starfsáætlun skólans, stýrðar frímínútur, sundkennslu, bekkjarstærðir, Skjólíð og nefnd um spjaldtölvuvæðingu.
 - a)Frímínútur: varðandi frímínútur hafa stjórnendur skólans hafa ekki tekið eftir vanda í frímínútum. Fulltrúar foreldrafélagsins ræddu um vinaliðaverkefnið en stjórnendur skólans telja ekki tímabært að setja það í framkvæmd, m.a þar sem skólinn leggur áherslu á frjálsan leik barnanna.
 - b)Sundkennsla: varðandi sundmál kom fram að mikil forföll voru meðal kennara síðastliðinn vetur. Stjórnendur skólans hafa fengið 2 nýja kennara í sundkennslu og ætla að taka nemendur sem á þurfa að halda í sérkennslu í sundi. Ef frekari forföll verða, verður fengið afleysingafólk. Stjórnendur bentu á að fundinum að sundkennsla sé allt árið í skólanum. Ákveðið að fulltrúi foreldrafélagsins spyrji nánar út í það á næsta fundi.
 - c)Bekkarstærðir: Baldur fræðslustjóri vísaði til sérstaks reiknilíkans. Ákveðið að senda póst á Ólínu.
 - d)Málefni Skjólins:á fundinum komu fram áhyggjur af mönnun í Skjólínu.
 - e) Spjaldtölvuvæðing. Nefnd á vegum sveitarfélagsins fjallar um málið. Davíð tilnefndur af hálfu foreldrafélagsins.
4. Skólanefndarfundur: fundur sem vera átti 19. október var frestað til 4. nóvember n.k. Foreldrafélagið þarf að koma með tillögur vegna kostnaðar við námsgögn nemenda.

5. Fjárhagsáætlun ársins lögð fram af gjaldkera félagsins. Greiðsluseðlar verða sendir út fyrir næstu mánaðamót.
6. Bókakostur grunnskólans. Brynhildur ræðir við bókasafnsfræðinga um að fá rithöfund til að lesa upp úr bókum eða kaupa fleiri bækur. 60.000 kr. úthlutað í verkefnið.
7. Læsisverkefnið. Guðrún kynnir sér læsissáttmála Heimilis og Skóla. Hugmynd viðruð um samstarf við Dvalarheimili um upplestur og leshringi.
8. Rætt um viðburði á næstunni.
 - a) Hugmynd að gera meira úr viðburðnum Jól í skókassa. Guðrún og Rakel munu skoða það nánar.
 - b) Bókakynning í desember fyrir báða skólana. Brynhildur ræðir við bókasafnsfræðinga.
 - c) Nýársbingó. Davíð og Sonja útfæra.
9. Fundur með bekkjarfulltrúum. Fundur er áætlaður í byrjun nóvember. Enn vantar bekkjarfulltrúa í nokkra bekki.
10. Nýr meðlimur í stjórn foreldrafélagsins. Stjórnarmenn hafi augun opin fyrir áhugasömum í stjórnina.
11. Verkefnið um jákvæð samskipti. Rúmlega 100 foreldrar mættu á fyrirlestur Páls Ólafssonar félagsráðgjafa.
12. Önnur mál.
 - a) Fræðsla á vegum Vöndu Sigurgeirsdóttur. Athuga nánar.
 - b) Námskeið um kvíða í febrúar.
 - c) Sýnum Karakter. Setja inn á fb síðu góð ráð og dæmisögur. Fá Pálma í Gróttu í samvinnu.